

Fundargerð

12. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 15. júní 2021, í sal D ÍSÍ Laugardal.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir~~, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir~~, ~~Björgvin Víkingsson~~, ~~Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson~~, Íris Berg Bryde verkefnastjóri, Marta María Siljudóttir verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá 11. fundi stjórnar 2020-2022 hafði verið afgreidd án athugasemda.

2. Miðlun FRÍ

Marta María verkefnastjóri kom á fundinn og gerði grein fyrir fjölmörgum miðlunarverkefnum. Var gerður góður rómur að því sem sagt var frá og stjórn og starfsmenn einhuga að standa sig vel á þessum erfiðum áhorfendatímum að segja frá keppnishaldi, þegar keppnishald er leyft óhindrað.

3. Heimasíðan – Útlit og hönnun

Útlitshönnuðir heimasíðunnar komu á fundinn og gerðu grein fyrir stöðu verkefnisins. Stjórnin lagði upp með að einfaldleikinn og um leið upplýsingagildið réði för. Að síðan tæki við mörgum upplýsingaleiðum sem væru á útleið á 21. öldinni. Góður hugur í verkefnavinnunni.

4. Regluverk FRÍ – Brot á reglum

Umræður um viðurlög vegna reglu- eða lagabrota og hvernig hægt er að ná því fram. Umræðu frestað milli funda.

5. Afmæli FRÍ

Gert grein fyrir atriðum og hugsun. Góður gangur í vinnunni.

6. Heimsókn í héruð

Lítið gerst á Covid tímum. Vonandi birtir til og hægt verði að binda á sig malinn og fara á milli bæja.

7. Mótahald

Umræður á erfiðum tímum. Ljóst samt að það er hægt að skraddarasauma meistaramót og bikar ef bylgjan fer ekki af stað. Mikið álag á skrifstofu vegna utanferð og um leið sóttvarnareglna sem viðhalda þarf innanlands þó að nú í byrjun mánaðar hafi verulega verið létt á.

8. Önnur mál

a. Þjóðarleikvangur. Formaður gerir greinn fyrir stöðu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:59 með því að fundarmenn sungu þjóðsöng Mexicó í tilefni af veitingum fundarins.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.